

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 215/1973, um Tækniskóla Íslands.

#### 1. gr.

12. gr. orðist svo:

#### Inngönguskilyrði.

Inngönguskilyrði eru bæði verkleg og bókleg.

**Verkleg inngönguskilyrði í sérgreinadeildir (byggingar (B), rafmagn (R), vélar (V)):**

- a) Sveinspróf í samræmi við skrá um þær tegundir sveinsprófa sem gilda fyrir hverja sérgreinadeild;  
eða:
- b) ekki skorti annað né meira en níu mánaða starfsreynslu á að umsækjandi hafi rétt til þess að ganga undir sveinspróf, að mati iðnskóla á stað viðkomandi sérgreinadeildar. Heimilt er iðnskóla að láta umsækjanda ganga undir próf til að sanna verk- og fagkunnáttu sína;  
eða:
- c) starfsreynsla eftir grunnskólapróf (gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla) sem er nægjanleg til að umsækjandi geti til jafns við þá, sem fullnægja skilyrðum a) eða b), tileinkað sér námsefni viðkomandi sérgreinadeildar, enda sé hann fullra 24 ára. Heimilt er rektor að fela iðnskóla á stað viðkomandi sérgreinadeildar að prófa verkunnáttu umsækjanda.

Um verkleg inngönguskilyrði í aðrar deildir skólans eða vegna sérstakra verkefna fer eftir námsskrá eða öðrum sérstökum reglum sem menntamálaráðuneytið staðfestir.

Aður en nemandi er brautskráður úr sérgreinadeild getur skólanefnd krafist þess, að nemandinn ljúki sveinsprófi í tiltekinni iðngrein, eða afli sér ákveðinnar viðbótarstarfsreynslu, ef fyrri verkmenntun hans telst ekki að öllu leyti viðeigandi.

#### Bókleg inngönguskilyrði.

##### Undirbúningsdeild:

- d) Að fullnægt sé skilyrðum samkvæmt a)- eða b)-lið þessarar greinar. Þó má umsækjanda vanta níu mánaða starfsreynslu á að fullnæga skilyrði b)-liðar;  
eða:
- e) lokapróf iðnskóla í almennum greinum eða sambærilegt nám að mati deildarstjórnar, enda verði umsækjandi 20 ára á almanaksárinu;  
eða:
- f) grunnskólapróf (gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla), enda verði umsækjandi 22 ára á almanaksárinu.

##### Raungreinadeild:

Lokapróf undirbúningsdeildar eða annað nám, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir nám í raungreinadeild með hliðsjón af framangreindum skilyrðum til inngöngu í undirbúningsdeild.

##### Tæknasvið í B, R eða V:

Lokapróf undirbúningsdeildar eða sambærilegt nám.

##### Tæknifræðisvið í B, R eða V:

Lokapróf í raungreinadeild eða sambærilegt nám.

Um bókleg inngönguskilyrði í aðrar deildir (önnur svið) eða vegna sérstakra verkefna fer eftir námsskrá eða öðrum sérstökum reglum, sem menntamálaráðuneytið staðfestir.

Ef aðsókn að námi í undirbúnings- eða raungreinadeild verður meiri en skólinn getur annað, skulu þeir, sem þegar fullnægja verklegum inngönguskilyrðum í sérgreinadeildir, ganga fyrir um skólavist að öðru jöfnu.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi. Þó skal á árinu 1976 einnig heimilt að innrita nemendur samkvæmt óbreyttum ákvæðum 12. gr. reglugerðar nr. 215 21. júní 1973.

*Menntamálaráðuneytið, 28. maí 1976.*

Vilhjálmur Hjálmarsson.

*Birgir Thorlacius.*

# REGLUGERÐ

fyrir Fósturskóla Íslands.

## I. KAFLI

Hlutverk skólans.

### 1. gr.

Fósturskóli Íslands er rikisskóli með aðsetri í Reykjavík. Skólinn er jafnt fyrir karla og konur.

### 2. gr.

Hlutverk Fósturskóla Íslands er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til sjö ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum.

Heimilt er að fela skólanum að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og skal þá setja um það sérstaka reglugerð.

### 3. gr.

Í starfsemi Fósturskólans skal stefnt að því að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum sem skólanum er ætlað að fást við og talin eru í 2. grein.

Leggja skal áherslu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til og á þann hagnýta grundvöll sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfra sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áhersla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

### 4. gr.

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálarfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til.